

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Tatu Kantomaa
harmoníkuleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 2. september 1997 kl. 20:30

Tatu Kantomaa fæddist í Rovaniemi í norður Finnlandi 1974. Sjö ára að aldri fór hann að læra á harmoníku undir handleiðslu föður síns. Aðrir kennarar hans hafa verið Veikko Ahvenainen frá Finnlandi og Viktor Kouzovlew frá Rússlandi.

Tatu Kantomaa hélt sína fyrstu einleikstónleika aðeins ellefu ára gamall með verk eins og La Campanella eftir Paganini á efnisskránni. Á næstu árum lék hann á mörgum tónleikum í Finnlandi, Bandaríkjunum, Japan, Rússlandi, í fyrrverandi Austur-Þýskalandi, Ítalíu, Svíþjóð og Noregi. Fyrsta hljómplata hans var gerð árið 1986. Tatu Kantomaa hefur þrisvar tekið þátt í Viljo Vesterinen harmoníkukeppninni í Finnlandi. Árið 1987 hlaut hann önnur verðlaun og árið 1989 bar hann sigur úr bítum í keppninni. Tatu Kantomaa hefur farið tónleikaferð til Austurríkis og lék í borgunum Vín, Graz, Salzburg, Zell am See og Eisenstadt. Árið 1993 kom hann í fyrsta skipti til Íslands ásamt sænska harmoníkuleikaranum Daniel Isaksson og spilaði á nokkrum tónleikum á landsmóti harmoníkuleikara á Egilsstöðum. Síðastliðinn apríl kom út geisladiskur með harmoníkuleik Tatu Kantomaa og í kjölfarið lék hann á mörgum tónleikum víðsvegar um landið.

Efnisskrá

Finnskt þjóðlag	Ai, ai sorja sinisilmäpoika
Carl Maria von Weber	Konzertstück <i>Charles Magnante</i>
Johann Strauss	Raddir vorsins <i>Ivan Jatskevits</i>
Veikko Ahvenainen	Yö tunturilla (Nótt á fjöllum)
Franz Liszt	Ungversk rapsódía no. 2
Gioacchino Rossini	Figaro (úr óperunni Rakarinn frá Sevilla) <i>Alexander Dmitrijew</i>
Zolotarev	Hugleiðingar um klaustrið í Ferapondo
Isaac Albéniz	Asturias <i>Friedrich Lips</i>
Pablo de Sarasate	Gypsy airs <i>Charles Magnante</i>
Oskar Merikanto	Kesäiilan valssi (Vals um miðsumarnótt) <i>Veikko Ahvenainen</i>